



Hafin er vinna við breikkun Hringvegur (1) um Hellisheiði. Innifalið í því verki er gerð 1,8 km vegar frá Hamragilsvegi að skíðaskálanum í Hveradölum en sú framkvæmd er til að fækka vegamótum við Hringveg. Myndin hér að ofan sýnir vinnu við þann veg. Verktaki er Ístak hf.

## Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Árlega veitir Vegagerðin styrki til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svonefndu tilraunafé, sem er nú 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni nokkurra af þeim skýrslum sem komið hafa út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar ([www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

### Verklag við breikkunir vega, júlí 2012

Í skýrslunni er lýst hvernig vinna skal að breikkunum vega, sem hannaðar hafa verið skv. leiðbeingiritinu „Hönnun breikkana“. Í leiðbeiningunum er tekið tillit til þess að verklag er mismunandi eftir hæð vegar yfir landið umhverfis, hverskonar undirstaða er undir breikkunina og hversu breið breikkunin er. Farið er yfir undirbúning verks og

verklag við mismunandi aðstæður. Gert er ráð fyrir að leiðbeiningarnar geti verið til stöðugar endurskoðunar og endurnýjunar.



### ROADEX IV – Summary of drainage analysis in Iceland ágúst 2012

Í gegnum svokallað ROADEX verkefni, sem er samstarfsverkefni vegagerða í norður Evrópu, að hluta fjármagnað af norðurslóðaráætlun Evrópusambandsins, var þróuð aðferðafræði til að greina afvötnun vega. Aðferðinni var beitt á Íslandi á nokkrum vegum með bundnu slitlagi. Niðurstaðan ▶

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 2. tbl. 22. árg. nr. 620 10. feb. 2014

Ritsjórn og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



► var sú að afvötnun þeirra vega sem skostaðir voru var mun betri en í öðrum aðildarlöndum ROADEX. Aðalástæða er að landslag og aðstæður á Íslandi eru frábrugðnar öðrum, yfirborð yfirleitt frekar þurr og stór hluti þeirra vega sem skostaðir voru eru á sléttlendi og byggðir á fyllingu. Fram kemur að þó afvötnun hafi verið léleg á ákveðnum vegköflum, virtist það ekki hafa áhrif á ástand þeirra. Þó er lagt til að bæta úr til að koma í veg fyrir möguleg vandamál í framtíðinni.




Rannsóknarþjóf með leiser-skanna.

### Loftslagsbreytingar og vegagerð – Tillögur um aðgerðir til aðlögunar júní 2012.

Verkefni um verðurfarsaðlögun í starfsemi Vegagerðarinnar hófst í ársbyrjun 2008. Áður hafa komið út tvær áfangaskýrslur um verkefnið. Í þessari skýrslu er bent á brýnustu atriði er varða aðlögun Vegagerðarinnar að loftslagsbreytingum í nánustu framtíð. Gerð er tillaga að stefnumörkun, þar sem m.a. er nefnt að stuðla þurfi að aukinni þekkingu starfsmanna á áhrifum veðurs á vegakerfið, sinna vöktun og skráningu á áhrifum veðurtengdra atburða á vegakerfið og rekstur þess og sjá til þess að uppfæra hönnunarforsendur og rekstrarþætti sem loftslagsbreytingar kunna að kalla á. Lagt er til að sett verði í forgang að hefja skipulega skráningu á skemmdum og frávikum í rekstri vegakerfisins vegna úrkomu, flóða, sjógangs og skriðufalla.


ingu á skemmdum og frávikum í rekstri vegakerfisins vegna úrkomu, flóða, sjógangs og skriðufalla.



Samspil tímakvarða loftslagsbreytinga og líftíma mannvirkja. Til skamms tíma getur aðlögun verið fölgin í hertum eftirlits- og viðhaldsaðgerðum en til lengri tíma lítið getur langtímaaðlögun fallist í róttækari breytingum.

### Grindavíkurvegir – saga og minjar október 2012

Í skýrslunni er ritað um fornar götur almennt hér á landi, fjallað um vörður, forsögu vegambóta og þróun samöngumála með áherslu á elstu Grindavíkuleiðarnar. Götunum er lýst sérstaklega sem og vörðum, skjólum og fleiru sem þeim tengjast. Fjallað er um hugsanlegan aldur gatnanna að teknu tilliti til




Varða á Skipsstíg sunnan Lats.

heillleika, staðsetningar og lögunar sem og vísan til ákvæða gildandi tilskipana, reglna og laga á hverjum tíma, auk þess sem getið er sagna og minja sem tengjast umferð um vegina og stöðum í nálægð þeirra. Fjöldi mynda og teikninga er í greinargerðinni.

### Núllsýn umferðaröryggis á Íslandi nóvember 2012

Í skýrslunni er mælt með því að tekin verði upp núllsýn í umferðaröryggismálum hérlendis. Stefnan felur í sér markmið um að fækka fjölda dauðaslysa í umferðinni niður í núll. Stefnan var fyrst tekin upp í Svíþjóð 1997 en Norðmenn og Finnar hafa einnig tekið hana upp. Stefnan inniheldur ekki sérstaka aðferðarfræði umfram það sem unnið er að í umferðaröryggisáætlunum, en hefur þann kost að vera skýr og skilmerkileg hvað varðar árangur. Í skýrslunni er gerð tillaga um hvernig nálgast megi sýnina í áföngum á kerfisbundinn hátt. Samgönguráð er með núllsýn sem sérstakt verkefni og hægt er að hafa efni skýrslunnar til hlíðsjónar þar.



### Forgangur og öryggi gangandi vegfarenda á göngubverunum desember 2012

Þessi skýrsla fjallar um verkefnið: „Réttur og umferðaröryggi gangandi vegfarenda“. Skýrslan var kynnt með frétt á innri og ytri vef Vegagerðarinnar, en í henni kemur m.a. fram að „því miður virðist víða pottur brotinn þegar kemur að uppsetningu gangbrautarskilta en mjög mikilvægt er að allir vegfarendur geri sér grein fyrir aðstæðum hverju sinni og hvaða reglur séu í gildi. Erfitt getur verið fyrir gangandi og akandi að gera sér grein fyrir að um gangbraut er að ræða þegar engin gangbrautarskilti eru til staðar.“ Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um ýmiss konar útfærslu og merkingar á göngubverunum hérlendis og bent á óvissu sem ósamræmi þeirra veldur. Einnig eru innlend og erlend lög sem og reglur um málið skoðaðar. Í niðurstöðum kemur fram að æskilegt væri að kynna fyrir vegfarendum hvaða reglur og lög gilda við mismunandi aðstæður í umferðinni. [Skýrslan og niðurstöður hennar fengu nokkra umfjöllun í fjölmiðlum, eftir að hún var kynnt á ytri vef Vegagerðarinnar.]

### Umferðarupplýsingar til vegfarenda, beint í bílinn, nóvember 2012.

Sú þjónusta að senda umferðarupplýsingar til vegfarenda um bílútvarp, leiðsögutæki og/eða snjallsíma, hefur ekki verið til staðar hérlendis. Í þessari skýrslu er fjallað um tæknilausnir fyrir miðlun upplýsinga til vegfarenda. Lagt er til að svokölluð RDS-TMC (Radio Data System



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 3. febrúar 2014. Búið er að sprengja 1.682 m frá Eyjafirði sem er 23,5% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.170 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vaðlaheidi.is



Norðfjarðargöng, staða framkvæmda 3. febrúar 2014. Búið er að sprengja 489 m frá Eskifirði sem er 6,5% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.austurfrett.is



► – Traffic Message Channel) lausn verði valin hér, en hún nýtir sér FM útvarpsdreifikerfið. Til þess að gera þetta, þarf að setja upp miðlægan búnað frá aðila sem býður lausn sem stenst staðla TISA, en TISA eru alþjóðleg samtök sem sjá um stöðlun á samskiptum milli umferðarupplýsingakerfa og endabúnaðar, þar sem þess háttar þjónusta er í boði.

**„Validation of Performance Models“  
(um verkefnið Mat á niðursbrotsmódelum)**

desember 2012

Skýrslan fjallar um norrænt verkefni, sem unnið er í samvinnu við Danmörk, Noreg og Svíþjóð í tengslum við svokallað NordFoU samstarf, sem er rannsóknasamstarf Vegagerða á Norðurlöndunum. Í verkefninu var reynt að kvarða burðarþolshönnunarlíkan út frá reynslugögnum frá tilraunaköflum í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og á Íslandi. Líkanið gat spáð fyrir um þróun sléttleika og hjólfara vegna tilraunakafanna í Svíþjóð og Noregi og þróun sléttleika tilraunakafna í Danmörku. Vegna skorts á gögnum reyndist ekki hægt að finna kvörðunarstuðla fyrir íslenskar aðstæður í þessu verkefni.

**Leiðbeiningar fyrir framkvæmd og eftirlit með sementsfestunum** janúar 2013

Í leiðbeiningunum kemur fram að með hækkandi asfaltverði hefur sementsfestun meira verið notuð til að styrkja vegi með klæðingaryfirborði. Gerð var tilraun með sementsfestun í Langadal í Austur-Húnavatnssýslu árið 1996, sem tókst vel en aðferðin var mun dýrari



**Styrkir til samgönguleiða**

Samkvæmt 25. gr. vegalaga nr. 80/2007 er heimilt í vegáætlun að ákveða fjárveitingu til að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum.

Vegagerðin auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til samgönguleiða samkvæmt nefndri lagagrein og 4. gr. reglna nr. 1155/2011 um þetta efni. Umsókn um styrk skal senda til starfsstöðvar Vegagerðarinnar (Selfoss, Borgarnes, Akureyri, Reyðarfjörður) á því svæði þar sem viðkomandi framkvæmd er fyrirhuguð. Umsóknum skal skilað eigi síðar en 15. apríl 2014.

Nánari upplýsingar má finna á vef Vegagerðarinnar [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) ásamt umsóknareyðublaði.

(Þessi auglýsing hefur áður birst í dagblöðum)

en bikfestun á þeim tíma. Aftur var hafist handa með sementsfestun sumarið 2010. Í leiðbeiningunum er fjallað um undirbúning fyrir sementsfestun, framkvæmd festunar og settar fram kröfulýsingar. Þá eru í leiðbeiningunum gæðastýringaráætlun fyrir sementsfestun og form fyrir dagskýrslur verktaka og verkkaupa. ■

**Auglýsingar útboða**

Þessi auglýsing var fyrst birt í Morgunblaðinu 01.02.14

**Stykkishólmur**

**- Lenging ferjubryggju** 13-073

Hafnarstjórn Stykkishólmsbæjar óskar eftir tilboðum í verkið „Stykkishólmur - Lenging ferjubryggju“. Verkið felst í að lengja ferjubryggju um 12 metra.

Helstu magntölur:

Jarðvinna, upptekt	
og endurröun grjóts.....	200 m <sup>3</sup>
Steypa landvegg .....	12 m
Rekstur bryggjustaura (stál) .....	6 stk.
Bryggjusmíði (stál og harðviður) ....	100 m <sup>2</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 31. maí 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 4. febrúar 2014. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 18. febrúar 2014 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hafnarstjórn Stykkishólmsbæjar



**Akureyri – endurbygging Togarabryggju, þekja og lagnir**

Hafnasamlag Norðurlands óskar eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir og magntölur eru:

Bygging veituhúss.	
Ídráttarrör fyrir rafmagn.	
Leggja vatnslagnir	
og koma fyrir vatnsbrunnnum.	
Steypa þekju .....	2.100 m <sup>2</sup>
Malbikun .....	2.000 m <sup>2</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 11. júlí 2014.


Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) og á hafnarskrifstofu Hafnasamlags Norðurlands frá og með þriðjudeginum 11. febrúar 2014. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 25. febrúar 2014 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hafnasamlag Norðurlands



Lenging ferjubryggju í Stykkishólmi, sjá auglýsingu



Lenging ferjubryggju í Stykkishólmi, yfirlitsmynd 1:100



## Vegur um Ólafsvíkurenni

Einar Haukur Kristjánsson, sem var forstöðumaður fjárreiðu-deildar Vegagerðarinnar til ársloka 1999 (lengst kallaður skrifstofustjóri), skrifaði Árbók Ferðafélags Íslands 1986, Snæfellsnes norðan fjalla. Þar segir:

„Undir Enninu lá um aldrið illræmd alfaraleið. Þegar bílar komu til sögunnar, varð þar ekki komist nema á öflugum torfærubílum um urðir og lausan fjörusand og um snarbratt Gvendarbrunnaklif vestan Ólafsvíkur. Margir töldu fjarstæðu, að nokkru sinni kæmi bílvegur undir Enninu, en í þetta stórvirki var þó ráðist 1963 og vegur sprengdur um klettabeltið í 15-20 m hæð yfir sjávarmáli. Þessi vegur var þó alltaf mjög erfiður, sérstaklega að vetrinum, vegna grjóthruns og snjóflóða. Síðar

komu svo öflug flutningatæki, sem næstum gátu flutt fjöll úr stað. Þá var tekið það ráð til að losna við áðurnefnda meinbugi að leggja nýjan veg á uppfillingu með brimvarnargarði í fjörunni spölkorn frá klettunum, þar sem síður stafaði hætta af hruni. Var hann opnaður til umferðar haustið 1983 og þar með unninn allnokkur sigur á aldagömlum ógnum fjallsins.“ ■



Einar Haukur Kristjánsson á skrifstofu sinni í Borgartúni 5. Myndin er tekin í mars 1995.

## Auglýsingar útboða

### Borgarfjarðarhreppur, styrking

#### brimvarnar við Hafnarhólma 14-031

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í styrkingu brimvarnar við Hafnarhólma á Borgarfirði Eystri. Um er að ræða hækkun og styrkingu á 55 m kafla.

Helstu magnþölur:

Grjótvinnsla og útlögn stórgrýtis . . . . . 900 m<sup>3</sup>

Uppteikt og endurröðun grjóts . . . . . 900 m<sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 30. apríl 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 11. febrúar 2014. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 25. febrúar 2014 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Brimvörn við Hafnarhólma á Borgarfirði eystri.

Þá . . .



Ólafsvíkurenni 1946. Mynd úr safni Geirs G. Zoëga. Óstaðfest tilgáta er að maðurinn á myndinni sé Stefán Kristjánsson sem var vegaverkstjóri í Ólafsvík frá 1930 til 1961.

. . . og nú



Ólafsvíkurenni í júlí 2013. Sjá texta efst á síðunni hér til vinstri. Þegar myndirnar eru bornar saman sést vel að prófíllinn í fjallinu er sá sami á báðum myndunum.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeyðdar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
14-030 Gras- og kantsláttur á Suðursvæði 2014-2015	2014
14-029 Reykholtisdalsvegur (519) og Hvítársíðuvegur (523), Stóri Ás - Gilsbakki	2014
14-003 Hringvegur(1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur	2014
14-019 Krýsuvíkurvegur (42) 2014	2014
14-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði 2014	2014
14-027 Upphéraðsvegur (931), Bolalækur - Brekkugerði	2014
14-017 Hvammavegur (853), Staðarbraut - Kísilvegur, bundið slitlag	2014
14-016 Svínvetningabraut (731), Blönduós - Kaldakinn, bundið slitlag	2014
14-013 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2014, malbik	2014
14-026 Vetrarþjónusta 2014-2019, Reykjanesbraut - Suðurnes	2014
14-020 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, vestur hluti	2014
14-021 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, austur hluti	2014
14-022 Vetrarþjónusta 2014-2019, Rangárvallasýsla og Flói	2014
14-023 Vetrarþjónusta 2014-2019, uppsveitir Arnessýslu	2014
14-024 Vetrarþjónusta 2014-2019, Selfoss - Reykjavík	2014
14-025 Vetrarþjónusta 2014-2019, Höfuðborgarsvæðið	2014
14-012 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, malbik	2014
14-014 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, repave/fræsing og malbik	2014

## Fyrirhuguð útboð Auglýst:

14-028 Vestfjarðavegur (60), um Reykjadalssá	2014
14-009 Yfirlagnir á Suðursvæði 2014, klæðing	2014
14-004 Endurbætur á Biskupstungnabraut (35), 2014	2014
14-006 Endurbætur á Hringvegi (1) í Reykjadal	2014
14-008 Yfirlagnir á Austursvæði 2014, klæðing	2014
14-005 Hringvegur (1), Hvalnesskriður, hrunvarnir	2014
14-007 Yfirlagnir á Norðursvæði 2014, klæðing	2014
14-011 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2014, blettanir með klæðingu	2014
14-010 Yfirlagnir á Vestursvæði 2014, klæðing	2014
13-074 Landeyjahöfn - lenging flóðvarnargarðs og aðkomuvegur	2014
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2014
13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Eyri	2014
14-018 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	2014

## Auglýst útboð Auglýst: Opnað:

14-030 Borgarfjarðarhreppur, styrking brimvarnar við Hafnarhólma 2014-2015	10.02.14	25.02.14
13-073 Stykkishólmur - Lenging ferjubryggju <a href="#">Þetta verk var auglýst í dagblöðum</a>	01.02.14	18.02.14
14-032 Akureyri - endurbygging Togarabryggju, þekja og lagnir	10.02.14	25.02.14

## Útboð á samningaborði Auglýst: Opnað:

13-075 Meðallandsvegur (204) um Fljótakróka	16.12.13	14.01.14
13-061 Endurbygging Fjótisdalsvegur (933), Hrafnkelsstaðir - Upphéraðsvegur	22.07.13	13.08.13

## Samningum lokið Opnað: Samið:

13-072 Stykkishólmur - flotbryggjur Skipasmíðastöðin Skipavík hf. kt. 700175-0149	26.11.13	29.01.14
-----------------------------------------------------------------------------------	----------	----------



Víravegríð við Reykjanesbraut. Lokið er uppsetningu á 8,6 km. Væntanlega verður framhald á verkinu boðið út í ár.